

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur um heimild til nýtingar séreignarsparnaðar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur verið tekin ákvörðun um að framlengja heimild til nýtingar séreignarsparnaðar vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota sem fellur að óbreyttu niður 1. júlí 2021, sbr. ákvæði til bráðabirgða XVI og XVII í lögum nr. 129/1997?

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort lagðar verði til frekari framlengingar á þeim úr-
ræðum sem vísað er til í fyrirspurninni.